

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Flúðahverfis og nágrennis í Hrunamannahreppi,
Árnessýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Flúðahverfis og nágrennis. Heimili þess og varnar-
þing er Hrunamannahreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hluthöfum þess fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru skólarnir á Flúðum, Félagsheimili Hrunamanna, Sund-
laug Hrunamanna, Hellisholt, Vinaminni, Laugarland, Varmalækur, Varmaland,
Gilsbakki.

Hver einstaklingur greiði stofngjald kr. 7000.00. Skólarnir taki 8 hl., félags-
heimili og sundlaug 3 hl. hvort. Stofngjald skal greiðast er framkvæmdir hefjast.

4. gr.

Vatnsveitan leggur allar lagnir að húsvegg og steypir vatnsgeymi.

5. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsparfa og atvinnureksturs.

6. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi. Nýr
félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagsmenn og öll gjöld, sem á fé-
laginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því hann gekk í félagið.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu og greiðist hann
í hlutfalli við stofngjald eftir því, sem þörf krefur.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi
til eins árs í senn og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur
skulu kosnir 2 endurskoðendur til sama tíma.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal
boða bréflaga eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{2}{3}$
félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst
næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram
endurskoðaðir reikningar þess og kosin stjórn og endurskoðendur.

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið
boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagssvæðinu hafa allir félagsmenn
jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og leiðslum.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Flúðahverfis og nágrennis í Hrunamannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem Reyðarfjarðarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Reyðarfirði. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Reyðarfjarðar.

2. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan löggildingar kaupþínsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Reyðarfjarðar, skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.